

Fundur fjármálanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 3. maí 2021, kl 13.00. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

Mætt voru, Daníel Jakobsson, formaður, Eva Sigurbjörnsdóttir, Jón Árnason og Sif Huld Albertsdóttir. Baldur Smári Einarsson var forfallaður. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, sem ritaði einnig fundargerð og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu.

Boðuð dagskrá.

1. Ársreikningur FV 2020
2. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn

1. Ársreikningur FV 2020

Sviðsstjóri kynnti að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefði samþykkt ársreikning Fjórðungssambandsins fyrir árið 2020 á fundi sínum 28. apríl s.l.. Kynnt að lítilsháttar leiðrétting hefðu verið gerðar á tekjum frá drögum að ársreikningi sem fjármálanefnd fjallað um á fund 27. apríl s.l.. Breyting leiðir til um 300 þkr hækkunar á tekjum og jákvæðri rekstursafkomu sem því nemur.

2. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021

Kynnt að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefði fjallað um endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 á fundi 28. apríl s.l.. Engar breytingar voru gerðar frá upphaflegri áætlun og hún samþykkt að hálfu stjórnar. Formaður lagði til að áætlunin verði samþykkt. Tillagan samþykkt.

3. Önnur mál

Sviðsstjóri og framkvæmdastjóri ræddu hvað læra mætti af störfum nefndarinnar á fyrsta starfsári m.a. hvernig fjalla ætti um framlög FV til Vestfjarðastofu og ráðstöfun þeirra.

Formaður taldi meiri reynsla kæmist á störf nefndarinnar við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 í aðdraganda 66. Fjórðungsþing að hausti, m.a. kæmi einnig til skoðunar að setja fram þriggja ára áætlun. Fjárhagsáætlanir Vestfjarðastofu væru til umfjöllunar innan þeirrar stofnunar en verkefni nefndarinnar væri að yfirfara þau framlög sem renna til hennar frá Fjórðungssambandi. Verulegur árangur hefði einnig náðst við breytta framsetningu fjárhagsáætlunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.15